

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

Akureyri, 8. júní 2020
UST202003-027/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Varðar þrýstiprófun á olíulögn frá testrig að HV-ST4-201 í olíubirgðastöð EBK ehf., Keflavíkurflugvelli.

Umhverfisstofnun bárust þann 9. apríl sl. niðurstöður þrýstiprófunar á olíulögn frá testrig að HV-ST4-201 í olíubirgðastöð EBK á Keflavíkurflugvelli. Lögnin er 6 tommu lögn með 7,11mm veggjaþykkt og einnig var prófaður hluti 12“ lagnar með 9,53mm veggjaþykkt, að nýjum 6“ loka.

Prófun fór fram þann 9. apríl sl. og var framkvæmd af Vélsmiðjunni Orra ehf. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, í 15 bara þrýsting og prófað í 4 klst. Á meðan þrýstiprófunin fór fram var heiðskirt og sólin skein á rörin. Fella þurfti þrýstinginn fjórum sinnum en ástæðan fyrir því var að mælirinn var kvarðaður fyrir að hámarki 16 bör. Rekja má þrýstingsaukninguna til þess að þegar sólin hitar rörin þá þenst köld olían út og veldur auknum þrýstingi. Als var þrýstingurinn felldur um 3.9 bör. Mælir af gerðinni WIKA, ser.nr. 54Ø1YP57 var notaður við prófunina og þrýstingsbreytingar og hitastig skráð á 15 mín fresti. Í Skoðunarskýrslu kemur fram að verið var að prófa breytingu og tenginu á eldri 6“ Test Rig lögn við nýja 12“ lögn sem tengist við nýjan 6“ loka sbr. merkingu á teikningu -MDR-0101 útg.E.

Lögnin stóðst þrýstiprófið.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögninni. Bent er á að þrýstiprófa skal lagnir að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllt

G. Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja